

Allar skattskyldar tekjur eru notaðar við útreikning á lífeyri og tengdar greiðslur, svo sem atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur.

Helmingur fjármagnstekna hjóna / sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig. Aðrar tekjur maka en fjármagnstekjur hafa ekki áhrif á útreikning lífeyris.

Auðvelt er að setja forsendur inn í **reiknivél lífeyris á tr.is** til að skoða áhrif tekna á greiðslur.

Tafla 1. Hvað má hafa í tekjur án þess að það hafi áhrif á útreikning?

Taflan sýnir frítekjumörk árstekna	
Tegund tekna	Tekjutrygging og heimilisuppbót
Atvinnutekjur	1.315.200
Lífeyrissjóðstekjur	328.800
Fjármagnstekjur, t.d. vextir, verðbætur, söluhagnaður og leigutekjur	98.640

Lífeyrissjóðstekjur hafa ekki áhrif á grunnlífeyri almannatrygginga.

Aðeins þeir sem fá greiddan lífeyri geta fengið greidda tekjutryggingu, heimilisuppbót og aðrar uppbætur.

Búseta erlendis getur lækkað greiðslur lífeyris og tengdra bóta.

Tafla 2. Helstu upphæðir sem notaðar eru þegar lífeyrir og tengdar greiðslur eru reiknaðar.

Réttindi	Upphæðir		Frítekjumörk		Greiðslur falla niður	
	ár	mán.	ár	mán.	ár	mán.
Örorku-/endurhæfingarlífeyrir	538.392	44.866	2.575.220	214.602	4.728.788	394.066
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir /grunnlífeyrir	538.392	44.866	2.575.220	214.602	4.728.788	394.066
Aldurstengd örorkuuppbót 100%	538.392	44.866	2.575.220	214.602	4.728.788	394.066
Tekjutrygging	1.724.112	143.676	0	0	4.495.729	374.644
Heimilisuppbót	582.768	48.564	0	0	4.495.729	374.644
Annað	ár	mán.	ár	mán.	ár	mán.
Framfærsluviðmið ^{*1} býr ekki einn		238.594				
Framfærsluviðmið ^{*1} býr einn með heimilisuppbót		300.000				
Örorkustyrkur (16 til 61 árs)	398.016	33.168	2.575.220	214.602	4.697.972	391.498
Örorkustyrkur (62 til 66 ára)	538.392	44.866	2.575.220	214.602	4.697.972	391.498
Uppbót á lífeyri ^{*2} - 5 til 140% af lífeyri					2.827.779	235.648
Uppbót v/reksturs bifreiðar		16.583				
Ráðstöfunarfé	862.668	71.889	0	0	1.327.182	110.599

Hlutfall frádráttar eftir að frítekjumörkum er náð er mismunandi eftir greiðslutegundum, sbr. **töflu 3.**

Tafla 3. Tegundir lífeyris	Frádráttur
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir (lífeyrir)	25%
Aldurstengd örorkuuppbót er fast hlutfall af örorkulífeyri og miðast við aldur við fyrsta örorkumat	25%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris upp að 2.575.220 kr.	38.35%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris yfir 2.575.220 kr.	13.35%
Heimilisuppbót örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega	12.96%
Ráðstöfunarfé	65%

^{*1}**Framfærsluviðmið (Sérstök uppbót til framfærslu):** Ef allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun, eru undir framfærsluviðmiði er það sem upp á vantar greitt sem sérstök uppbót til framfærslu. Uppbót á lífeyri^{*2} hefur ekki áhrif á sérstaka uppbót til framfærslu.

^{*2}**Uppbót á lífeyri** getur verið 5 til 140% af lífeyri. Allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun öðrum en aldurstengdri örorkuuppbót, hafa áhrif á útreikning.

Uppbætur falla niður ef eignir í peningum og/eða verðbréfum fara yfir 4 milljónir hjá einstaklingi en 8 milljónir hjá hjónum.